

1. Frumvarp

til sveitastjórnarlaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka nje fjölga, nje heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sjerstökum lögum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra hefur heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rjett til að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskifti og skulda með hinu nýja hreppsfjelagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiftingu þessa farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skift 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

2. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda o. fl.

6. gr.

Um tölu hreppsnefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í hreppsnefndir, kjörtímabil og annað, sem lýtur að kosningu í hreppsnefndir, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

7. gr.

Nú er hreppi skift eða hreppar sameinaðir og ákveður þá ráðherra eftir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hinna nýju hreppa, og skipar fyrir um kosningar, er af skiftingunni eða sameiningunni leiða.

8. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elsti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eftir er af oddvitakjörtímanum.

Elsti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sjerstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sjerstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rjett kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa af nýju. Fáir þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

9. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til tundar, stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega

bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufje hreppsins, verðbrjef og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 8. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast brjefagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um allt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (8. gr.).

10. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundir ár hvert og auk þess svo oft, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

11. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sje um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eftir 8. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

12. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sinum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sinum flokki að hafa sjerstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (8. og 9. gr.).

13. gr.

Hreppsnefnd hefir þau afskifti af útsvarsmálum, sem lög um útsvör ákveða.

14. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sje haft í góðu lagi. Hún annast um, að landamerki afrjettar hreppsins og jarða hans sjeu ákveðin og jafnan glögg.

15. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrjetta hreppsins og um fjallskil og rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráferna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eftir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

16. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sinum, þeim er þeir selja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

17. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eftir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

18. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og enn fremur á því, að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

19. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrri bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

20. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Útsvör.
2. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
3. Vextir af innstæðufje og leigufje.
4. Hundaskattur.
5. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
6. Frá öðrum hreppum:
 - a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
 - b. endurgjald fyrir önnur viðskifti.
7. Óskilafjárverð.
8. Sektir eftir sættum eða dómum.
9. Gjald af sildarveiði og upsa með nótt.
10. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

21. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru

send, ganga eftir, ef i þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

22. gr.

Útgjöld til skriflæra, brjefasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eftir reikningi.

Allt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísu honum skriflega.

23. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 4 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

24. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók*. Í hana skal rita:
 - a. skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau,
 - b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Brjefabók*, sem rita skal í orðrjett þau brjef, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók*, sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin brjef eftir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók*, til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kys hún í hvert skifti einhvern innsveitarmann, annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 1. febrúarmánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 1.—10. febrúarmánaðar. Framlag-

ingin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 15. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskodara, og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabryf og aðrar eigur hreppsins.

26. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykkt.

27. gr.

Um kosningar í hreppsmálefnum, ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, ellistyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, þurrabúðir, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, sauðfjárbaðanir og annað, er hreppinn varðar, og eigi er sjerstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög ákveða.

28. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sje gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvilir beinlinis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (23. gr.).
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsþúa meiri útsvör en svo, að nemi fimtungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar siðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufje sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meira eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aftur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slikt lán, eða lengja borgunartíma þess.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rjett að bera málið á lögsmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $\frac{2}{3}$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögsmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga

fyrirvara, enda sje þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

29. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með brjefi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

30. gr.

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slikar sektir má tiltaka í brjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu brjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr því, sem átalíð var. Sektir þessar má taka lög taki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.).

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

31. gr.

Um tölu sýslunefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í sýslunefndir, kjörtímabil, og annað, sem lýtur að sýslunefndarkosningu, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

Sýslumaður er oddviti sýslunefndar.

32. gr.

Nú er sýslunefndarmaður lorfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega að hann geti sótt fund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu skyldur og rjettindi sem sýslunefndarmaður.

33. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eftir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

34. gr.

Um skyldu til þess að taka við kosningu í sýslunefnd gilda sömu reglur og um skyldu til þess að taka sæti í hreppsnefnd.

35. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eftir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar þar. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

36. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meir en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heiming á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

37. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga. annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufje sýslunnar, skuldabrijf og aðrar eignir sýslufjelagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

38. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör, liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmet gjöld,

eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, og ekki fellur undir 30. gr. eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt i lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sinum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr.

Sýslunefnd kys á ári hverju mann eða menn úr sinum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa i sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar og ber oddvita að svara þeim fyrir 25. mars næst á estir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir Hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

40. gr.

Sýslunefnd stjórnar öilum sveitarmálum, er varða sýsluna i heild sinni. Eftir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri i sýslunni, enda skýri hún ráðherra ýtarlega frá gerðum sínum i því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær sjeu jafnan i góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipá skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn i hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar sjeu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, i allri sýslunni.

41. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sómuleiðis á vorum til rúningar og fráferna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykkt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana ráðherra, sem getur veitt henni lagagildi.

42. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er veiða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

43. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

44. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjölög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

45. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eftir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísá honum fjeð.

46. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 7 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

47. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum, eða það sje ákveðið af sýslunefndinni.

48. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

49. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aftur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eftir rannsakar sýslunefndin reikninginn í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara við þeim, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eftir áætlun þeirri, sem nefnd er í 44. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti ráðherra til yfirlits með næsta pósti, eftir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok júnimánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágríp af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tók til þess að álití sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eftirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um að hreppsþúar fái að lesa það. Fyrir eftirrit þessi fær sýslumaður 1 kr.

fyrir hverja örð, og skal það og allur kostnaður við prentun og útsending gildið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrfef og aðrar eigur sýslufjelagsins.

50. gr.

Um mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, ellistyrktarsjóði, alþingiskosningar, verslunarleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnu- mála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eftir því sem lög ákveða.

51. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sje að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvilir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

52. gr.

Með næsta pósti eftir sýslunefndarfund skal oddviti senda ráðherra endurrit af gerðabókinni til athugunar.

3. kafli.

Um það hver lög sjeu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir: Sveitastjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breytingu á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1925 var borin upp í Nd. till. til þál. um að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd »til þess að ihuga sveitastjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins« (Alþ.tíð. 1925, A. þgskj. 199). Tillaga

Þessi var samþykkt í Nd., en í Ed. varð það að ráði, að visa málum þessum til stjórnarinnar, og hjet hún því að undirbúa lagasmíð um 2 atriði, er til mála þessara teljast, fyrir þing 1926, þ. e. um útsvör og kosningar í bæjar- og sveitamálefnum. Þetta var og gert og voru lög um bæði þessi atriði samþykkt á því þingi.

Þá er eftir endurskoðun sveitastjórnarlaganna að öðru leyti og fátækralaganna auk kaupstaðalaganna. Endurskoðun kaupstaðalaganna þykir verða að bíða enn, enda naumast rjett, að ætla einu þingi svo mikið, að hafa til meðferðar alla þessa lagabálka. Þess er aftur á móti vænst, að þetta þing geti afgreitt endurskoðun á sveitastjórnar- og fátækralöggjöfnni, enda mun það skifta mestu máli. Hjer verður að eins rætt um sveitastjórnarlöggjöfina.

Eins og kunnugt er, er hin gildandi sveitastjórnarlöggjöf frá 1905. Þau lög (lög nr. 43, 10. nóv. 1905) voru mjög vel undirbúin að öllu leyti og hafa reynst vel. Það atriði þeirra, sem mest hefir verið um deilt er útsvarsálagningin og önnur atriði, er standa í sambandi við hana. En með því að öll ákvæði, er þar að lúta, voru á síðasta þingi tekin upp í lagabálk um útsvör, fellur þessi bálkur úr því frumvarpi, sem hjer er rætt um. Einnig falla burtu úr þessu frv. öll ákvæði um kosningar í sveitamálefnum, því að, eins og áður er vikið að, var einnig á þinginu 1926, samþykktur sjerstakur lagabálkur um þetta efni.

Þegar úr hinum eiginlegu sveitastjórnarlögum eru feld öll ákvæði um útsvör og kosningamálefni, verða sveitastjórnarlögin miklu styttri og ljettari viðureignar, og í þeim eru þá ekki næsta mörg atriði, sem ætla má, að mjög verði til ágreinings, enda er ekki kunnugt, að raddir hafi fram komið í þá átt, að fá þeim ákvæðum breytt.

Sú endurskoðun sveitastjórnarlaganna, sem nú hefir verið framkvæmd hefir því einkum verið í því fölgín, að fella úr til betra yfirlits þau ákvæði, sem breytt eða óbreytt hafa verið tekin upp í önnur lög og samræma sveitastjórnarlögin við aðra lagabálka, sem eru yngri en þau, en snerta þó þetta efni. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir einstökum breytingum við hverja grein, ef þær þykja máli skifta.

Fyrirsagnir kafla og efnisröð er eins og í gildandi sveitastjórnarlögum.

Um 1.—5. gr.

Þessar greinar eru eins og 1.—5. gr. sveitastjórnarlaganna, með þeirri einni breytingu, sem leiðir af verkaskiftingu milli ráðuneytanna, sbr. auglýsing nr. 64, 30. des. 1924 (Stj.tíð. 1924, A. bls. 164—165).

Um 6. gr.

Hjer er að eins tekin upp nauðsynleg tilvisun til laganna um kosningar í málefnum sveita og er tilvisunin þannig, að hún á við, þótt þeim lögum kynni að verða breytt.

Um 7. gr.

Þessi grein er svipuð 7. gr. gildandi sveitastjórnarlaga, að eins nokkuð fyllri.

Um 8.—9. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 24.—25. gr. sömu laga, nema tilvitnunum breytt eftir því, sem við á.

Um 10. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að hreppsnefnd hlýtur víðast að eiga minst 2 fundi á ári, annan vegna útsvarsniðurjöfnunar en hinn vegna sjallskila. Venjulega munu nefndirnar halda miklu fleiri fundi á ári, en sennilega er nóg að hafa 2 fundi lögboðna eins og nú er. Hins vegar þykir ekki ástæða til þess að skipa fyrir um bvenær fundir þessir skuli haldnir, því að það fer eftir öðrum fyrirælum.

Um 11.—12. gr.

Eru samhljóða 27.—28. gr. áðurnefndra laga nema tilvisunum breytt.

Um 13. gr.

Þessi gr. er afleiðing þess, að nýr lagabálkur hefir verið settur um útsvör.

Um 14.—15. gr.

Eru samhljóða 29. og 30. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 16. gr.

Er samhljóða 31. gr. sömu laga að því undanskildu, að síðasti málsliður er feldur burtu, þar sem forðagæslumönnum er nú falin skoðun búpenings og eftirlit með fóðurbirgðum, sbr. lög nr. 44, 10. nóv. 1913.

Um 17.—19. gr.

Samhljóða 32.—34. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 20. gr.

Er því nær samhljóða 45. gr., nema að því leyti, að niður eru feldir sem tekjulídir tiund af fasteign og lausafje, sbr. lög nr. 46, 2. nóv. 1914, og fimtungur af fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgidögum, sbr. lög nr. 74, 22. nóv. 1907.

Um 21.—22. gr.

Eru samhljóða 46. og 47. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 23. gr.

Það mun varla vera ágreiningur um það, að laun þau, sem hreppsnefndaoddivitum eru ætluð í gildandi lögum sjeu all of lág, því að starf þeirra er oft mikið og erfitt. Hjer er stungið upp á að tvöfalda launin, en það er álitamál. Lágmark launa virðist eftir því tæpast þurfa að setja og sanngirni sýnist ekki mæla með að setja hámark, þótt svo sje gert í gildandi lögum.

Um 24. gr.

Er samhljóða 49. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 25. gr.

Þær breytingar, sem hjer er stungið upp á, eru að mestu afleiðingar af breytingu þeirri á reikningsári sveita, sem lögleidd var á síðasta þingi.

Um 26.—29. gr.

Þessar greinar svara til 51.—54. gr. sveitastjórnarlaga og eru svo litið breyttar, að ekki sýnist þörf skýringa.

Um 30. gr.

Þessi gr. er ný og ástæðan til þess, að þörf hefir þótt á að taka hana upp er sú, að það kemur ósjaldan fyrir, að breppsnefndir draga um of að inna af hendi skyldugreiðslu eða svara fyrirspurnum og er ekki óalgengt, að yfirvöld kvarti yfir þessu. Með þeim takmörkunum, sem hjer er stungið upp á, þykir ekki varhugavert að lögleiða þetta.

Um 31. gr.

Hjer er ekkert nýtt ákvæði annað en það, að visað er til laga þeirra um kosningarrjett í málefnum sveita, sem gilda á hverjum tíma.

Um 32. gr.

Er samhljóða 2. og 3. málsg. 59. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 33. gr.

Er eins og 62. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 34. gr.

Er að innihaldi svipuð 63. gr. sömu laga.

Um 35. gr.

Samhljóða 65. gr. sömu laga.

Um 36. gr.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922 og 2. málsg. sveitastj.laga.

Um 37. gr.

Er samhlj. 67. gr. sveitastj.laganna.

Um 38. gr.

Er samhlj. 68. gr. sömu laga nema tilvísunum er breytt. Lítilfjórleg breyting er og gerð vegna 30. gr. þessa frv.

Um 39. gr.

Hjer er stungið upp á þeim einum breytingum, sem leiða af gildandi lögum, sjerstaklega breytingu reikningsársins.

Um 40.—43. gr.

Eru svo að segja samhljóða 70.—73. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 44. gr.

Er samhljóða lögum nr. 67, 27. júní 1921.

Um 45. gr.

Samhljóða 75. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 46. gr.

Hjer er stungið upp á, að kaup sýslunefndarmanna hækki í 7 kr. á dag en að öðru leyti er gr. gildandi lög.

Um 47.—49. gr.

Eru svo að segja samhljóða gildandi lögum að því undanskildu að ritlaun sýslumanna eru færð upp úr 50 au. örkin í 1 kr.

Um 50.—52. gr.

Á þessum gr. eru þær einar breytingar gerðar, er leiða af breytltri löggjöf síðan 1905.

Um 53.—54. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.